

RSU2A05 Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Hörður Harðarson

Netfang/netföng:

hordur.hardarson@borgo.is

Lýsing:

Að áfanganum loknum geta nemendur soðið eftir suðuferlislýsingum. Þeir geta efnað niður og undirbúið stálplötur fyrir rafsuðu, logskorið, klippt og búið til V-rauf og hreinsað efnið eins og með þarf. Þeir geta sett saman og rafsoðið, rör í plötu, soðið plötu með basískum rafsuðuvír í opinni V-rauf, gegnumsoðið frá annari hlið í suðustöðum PA, PC og PF. Þeir eiga að ná suðugæðum í flokki C samkvæmt ÍST EN 25817. Ennfremur geti þeir skipulagt suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- helstu eftirlitsaðferðum og prófunaraðferðum við suðu
- helstu nýjungum og framförum varðandi suðu og suðubúnað
- staðli um flokkun og merkingu rafsuðuvíra
- staðli um suðustöður
- staðli um hæfnispróf suðumanna í rafsuðu og logsuðu
- staðli um flokkun suðugæða og mat á suðum og suðugöllum
- staðli um teiknitákn fyrir suður
- staðli um skilgreiningu suðugalla
- staðli um gæðakröfur
- staðli um framkvæmd rafsuðu
- staðli um suðuferlislýsingar
- -virknitölu og orkuflæði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa evrópska staðla
- nota staðla við mat á suðum
- lesa tæknilegar upplýsingar úr handbókum suðuvéla
- lesa upplýsingar úr fræðslugögnum varðandi málmsuðu og töflubók

Hæfniviðmið.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rafsoðið eftir suðuferlislýsingum.

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsýlegar breytingar.

RSU2A05 Námsáætlun, haustönn 2024

- lesið staðla og notað þá í samræmi við tilgang þeirra
- skráð upplýsingar fyrir suðuferla - gert sér grein fyrir gildissviði hæfnispróf
- lesið og hagnýtt sér leiðbeiningarit sem fylgja suðubúnaði
- gert sjónmat á suðu samkvæmt ÍST EN 25817
- lesið helstu suðutákn
- valið sjálfstætt vör m.t.t. efnis og suðuraufar
- viðhaldið fylgibúnaði suðuvéla
- fylgt reglum um öryggismál

Námsmat:

Matsform. Símat er í áfanganum. (Ekki er lokapróf í áfanganum)

- | | |
|--------------------------|--|
| • Verkefni pinnasuðubók | 10% |
| • Símat 1 – 2 | 20% (Námsmat 1 verkefni pinnas.bók + Símat 1 – 3 |
| • | |
| • Birðingssuða | 20% (Námsmat 2 Birðingssuða) |
| • I-Bíti | 20 % (Námsmat 2 I- Biti) |
| • Rör á plötu 7 strengja | 15% (Námsmat 2 PC-PF suða FW) |
| • Kassi | 15% (Námsmat 2) |
| • Samtals | 100% |

RSU2A05 Námsáætlun, haustönn 2024

Nemandi þarf að ná einkunninni 5 í öllum þáttum matsformsins

Mætingaskylda samkvæmt skólareglum BHS

Námsgögn:

Pinnasuða, lðan fræðslusetur (idan.is/málm og véltækni/ kennsluefni)

Verkefni sem afhent verða af kennara.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Mætingaskylda er í allar kennslustundir skv.mætingareglum skólans.

- Nemendur skulu klæðast óeldfimum fatnaði og vera í ermalöngum hlífðarfötum og sem ná vel upp í háls og sloppum eða göllum.
- Öryggisskó,öryggisgleraugu og vinnuvettlinga
- Skór verða að vera óeldfimir lokaðir og með stáltá.
- Ekki er tekin ábyrgð á fötum og skulu nemendur vera með skáp í búningsherbergjum
- skólans undir föt , námsbækur og tölvur.

Nemendur skulu klæðast peysum merktum málm.

Fyrir hverjar 5 einingar í áfanga liggja að baki u.þ.b 105 klst í vinnu nemenda. Nemendur munu vinna verkefni í tímum sem og utan þeirra. Námsfnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og námsaga. Gert er ráð fyrir tveimur til þremur tímum á viku í nám utan kennslustunda

**RSU2A05** Námsáætlun, haustönn 2024

| Kvöld | Námsþættir | Námsmatsþættir | Tímafjöldi |
|-------|------------------------|---|------------|
| 1 | Birðingssuða | Suðuferlislýsingar Lesa í pinnasuðubók bls. 97 - 99 | 2 |
| 1 | Birðingssuða | Suðuferlislýsingar Lesa í pinnasuðubók bls. 234 - 242 | 2 |
| 2 | Birðingssuða | Suðuferlislýsingar Lesa í pinnasuðubók bls. 234 - 242 | 2 |
| 3 | Birðingssuða | Suðuferlislýsingar Lesa í pinnasuðubók bls. 234 - 242 | 2 |
| 3 | I – biti Símat 1 | Verkefni suðumat 1 og verklýsing | 2 |
| 3 | I - biti | Lesa í pinnasuðubók bls. 54 – 58 Verklýsing birðingssuða | 2 |
| 4 | I - biti | Lesa í pinnasuðubók 129 - 131 | 2 |
| 4 | I - biti | Lesa í pinnasuðubók bls. 146 - 151 | 2 |
| 5 | I - biti | Gera suðuferlislýsingu fyrir birðingssuðu | 2 |
| 5 | I - biti | Lesa í pinnasuðubók bls. 166 - 172 | 2 |
| 5 | Símat 2 | Upprifjun | 2 |
| 6. | Kassi pf- pc | Lesa í pinnasuðubók bls. 88 - 93 | 2 |
| 6 | Kassi pf- pc | Lesa í pinnasuðubók bls. 95 - 96 | 2 |
| 7 | Kassi pf- pc | Lesa í pinnasuðubók bls. 109 - 114 | 2 |
| 7 | Kassi pf- pc | Rörasuða verklýsing og suðuferlislýsing Lesa í pinnasuðubók bls. 284 | 2 |
| 8 | Rör á plötu 7 strengja | Verklýsing | 2 |
| 8 | Frágangur | verkefnaskil | 2 |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsylegar breytingar.